



## Leiðbeiningar fyrir innflytjendur hunda og katta

Innflutningur hunda og katta er óheimill nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra og uppfylltum skilyrðum reglugerðar nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis. Hér er að finna leiðbeiningar fyrir innflytjendur hunda og katta um hvað beri að gera þegar innflutningur er undirbúinn. Þessar upplýsingar ásamt umsóknareyðublöðum og heilbrigðis- og upprunavottorð er einnig að finna á vefsíðum landbúnaðarráðuneytisins og embættis yfirdýralæknis.

1. Umsókn um innflutningsleyfi – staðfestingargjald
2. Óheimill innflutningur.
3. Einangrun í 4 vikur
4. Heilbrigðisvottorð, bólusetningar, blóðsýni o.fl.
5. Skapgerðarmat
6. Umsögn og samþykkt vottorða
7. Flugferð til Íslands – innflutningsstaður - flutningsbúr
8. Dvölin í einangrunarstöðinni / heimsóknir / tryggingar
9. Kostnaður við innflutning, öflun vottorða, sýnatökur, eftirlit og einangrun
10. Mikilvæg heimilisföng, símanúmer og vefsíður

### 1. Umsókn um innflutningsleyfi – staðfestingargjald

Á vefsíðum landbúnaðarráðuneytisins og embættis yfirdýralæknis er að finna umsóknareyðublað sem nota skal til að sækja um leyfi til innflutnings. Mismunandi eyðublað eru fyrir hvora dýrategund. Innflytjandi skuldbindur sig og staðfestir með undirskrift sinni á umsóknareyðublaði að hlíta í hvívetna öllum þeim fyrirmælum sem landbúnaðarráðherra og yfirdýralæknir setja sem skilyrði til innflutnings og einangrunar. Ef ekki verða sérstakar tafir tekur afgreiðsla umsóknar u.þ.b. viku.

Þegar umsóknin hefur verið afgreidd, fær umsækjandi senda tilkynningu um veitingu innflutningsleyfis og innan fjögurra vikna frá dagsetningu þess bréfs skal greiða staðfestingargjald (gjald vegna innflutningseftirlits með gæludýrum), að upphæð kr. **19.684**. Senda skal afrit af greiðslukvittun til landbúnaðarráðuneytisins (með símbrefi eða tölvupósti). Eftirfarandi er innifalið í gjaldi vegna innflutningseftirlits með gæludýrum:

1. Vottun yfirdýralæknis á heilbrigðis- og upprunavottorði.
2. Eftirlit héraðsdýralæknis (heilbrigðisskoðun og skoðun innflutningspappíra) á innflutningsstað við komu dýrsins.
3. Eftirlit héraðsdýralæknis (heilbrigðisskoðun og skoðun heilsufarsskýrslu) í einangrunarstöð áður en dýrið yfirgefur stöðina.

Þegar staðfestingargjald hefur verið greitt fær umsækjandi innflutningsleyfið sent ásamt eyðublöðum fyrir heilbrigðis- og upprunavottorð sem dýralæknir í útflutningslandi dýrsins útfyllir og undirritar. Innflutningsleyfi gildir í eitt ár.

### 2. Óheimill innflutningur. Innflutningsleyfi verður ekki veitt fyrir eftirfarandi:

- a) Hvolpafullar tíkur.
- b) Kettlingafullar læður.
- c) Tíkur með hvolpa á spena.
- d) Læður með kettlinga á spena.
- e) Dýr sem hafa undirgengist aðgerðir fyrir innflutning og þarfnast eftirlits eða eftirmeðferðar af nokkru tagi.
- f) Hunda af eftirfarandi tegundum, svo og blendinga af þeim:
  1. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier
  2. Fila Brasileiro
  3. Toso Inu
  4. Dogo Argentino
  5. Aðrar hundategundir skv. ákvörðun landbúnaðarráðherra að fenginni umsögn yfirdýralæknis.
- g) Blendinga af úlfum og hundum.



### 3. Einangrun í 4 vikur – panta pláss

Allir hundar og kettir sem heimilað hefur verið að flytja til landsins skulu dvelja í einangrunarstöð í 4 vikur. Eftir að innflytjandi hefur fengið innflutningsleyfi skal hann sjálfur panta pláss fyrir dýrið í einangrunarstöð sem viðurkennd er af landbúnaðarráðuneytinu. Sjá upplýsingar um einangrunarstöðvar á síðu 6.

#### Komudagar

Einangrunarstöðvarnar taka við dýrum í tveimur hollum í hverjum mánuði. Því er um fyrirfram ákveðna komudaga að ræða og ekki hægt að senda dýr til landsins á öðrum dögum. Upplýsingar um dagsetningar veita starfsmenn einangrunarstöðvanna (sjá einnig vefsíðu yfirdýralæknis) og bóka þarf pláss með góðum fyrirvara, algengt er að það sé tveggja til þriggja mánaða biðlisti.

*(Ath! Það er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir kröfum varðandi bólusetningar o.fl. áður en pantað er pláss í einangrunarstöð þar sem tiltekinn tími þarf að líða frá því að bólusettt er og þar til dýrið má koma til landsins.)*

### 4. Heilbrigðisvottorð, bólusetningar, blóðsýni o.fl.

Mikilvægt er að huga snemma að þeim kröfum sem gerðar eru um bólusetningar, blóðsýni o.fl. þar sem tiltekinn tími þarf að líða frá því að bólusettt er og þar til dýrið má koma til landsins. Einungis þau eyðublöð fyrir heilbrigðisvottorð, útgefin af yfirdýralækni, sem innflytjandi fékk afhent ásamt innflutningsleyfinu, eru tekin gild (ath! einnig er hægt að sækja vottorðið á vef yfirdýralæknis, [www.yfirdyralaeknir.is](http://www.yfirdyralaeknir.is)). Dýralæknir sem hefur starfsleyfi í útflutningslandinu skal útfylla og undirrita vottorðið. Vottorðið gildir í 10 daga frá útgáfudegi.

#### Eftirfarandi skal staðfest í heilbrigðis- og upprunavottorðinu (sjá nánar í sjálfu vottorðinu):

- ♦ *Útflutningsland.*
- ♦ *Hundategund / kattategund.*
- ♦ *Eigandi/umboðsmaður/innflytjandi:* Nafn, kennitala, heimili og símanúmer, faxnúmer og netfang ef við á.
- ♦ *Örmerking:* Merkja skal dýrið með örmerki sem uppfyllir FECAVA- eða ISO staðla áður en það er heilbrigðisskoðað, bólusettt, sýni tekin eða það meðhöndlað. Merkja má dýrið með öðru örmerki ef eigandi leggur til lesara.
- ♦ *Fæðingardagur:* Dýrið skal vera að minnsta kosti **fimm mánaða gamalt** við komuna til landsins. (Ath! dýr frá rabies löndum geta ekki verið yngri en 7 mánaða þegar þau koma til landsins)
- ♦ *Nafn dýrs.*
- ♦ *Smitsjúkdómar* (fjórþætt; heilbrigðissskoðun, bólusetningar, rannsóknir og meðhöndlun)
  - **HEILBRIGÐISSKOÐUN:** Við heilbrigðissskoðun á síðustu 10 dögum fyrir innflutning má dýrið ekki sýna nein einkenni smitsjúkdóms. Hafi það einkenni eyrnamaurs skal það meðhöndlað gegn honum.
  - **BÓLUSETNINGAR**
    - Bólusetning gegn **hundaæði** (rabies) – **hundar og kettir:**  
Á síðustu **365** dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda og ketti sem koma frá landi með hundaæði, með deydðu bóluefni gegn hundaæði. Dýrin skulu vera a.m.k. 12 vikna við bólusetningu. **Mæla skal magn mótefnis í blóði í fyrsta lagi 30 dögum eftir bólusetningu og skal það mælast hærra en eða jafnt og 0,5 a.e./ml.** Sé það lægra er óheimilt að flytja dýrið til landsins. Mælingarnar skulu framkvæmdar á viðurkenndri rannsóknarstofu á EES-svæðinu eða í Bandaríkjunum. Óheimilt er að flytja hunda og ketti til landsins fyrr en **120** dagar eru liðnir frá því þeir voru fyrst bólusetttir gegn hundaæði. Sé um endurbólusetningu að ræða og hafi mótefni mælst hærra en eða jafnt og 0,5 a.e./ml er heimilt að flytja dýrið inn **30** dögum eftir síðustu endurbólusetningu.



**Lönd án hundaæðis** (dýr sem koma frá löndum án hundaæðis þurfa ekki að vera bólusett gegn hundaæði): Ástralía, Bretland, Færeyjar, Finnland, Hawaii, Írland, Japan, Nýja-Sjáland, Noregur (gildir ekki um Svalbarða) og Svíþjóð.

- Bólusetning gegn **leptóspírósu** (leptospirosis) – **hundar**:  
Á síðustu **180** dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn leptóspírósu. Hundarnir skulu vera fullbólusettir gegn leptóspírósu skv. fyrirmælum með viðkomandi bóluefni um grunn- og endurbólusetningar. Óheimilt er að flytja hunda til landsins, fyrr en **30** dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn leptóspírósu.
- Bólusetning gegn **hundafári** (canine distemper) – **hundar**:  
Á síðustu **730** dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda gegn hundafári. Hundarnir skulu vera fullbólusettir gegn hundafári skv. fyrirmælum með viðkomandi bóluefni um grunn- og endurbólusetningar. Óheimilt er að flytja hunda til landsins, fyrr en **30** dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn hundafári.
- Aðrar bólusetningar – **hundar**:  
Á síðustu **365** dögum fyrir innflutning skal bólusetja hunda með deyddu bóluefni gegn eftirtöldum tveimur sjúkdómum:  
(1) **smitandi lifrabólgu** (hepatitis contagiosa canis),  
(2) **smáveirusótt** (canine parvovirus).  
Hundarnir skulu vera fullbólusettir gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt skv. fyrirmælum með viðkomandi bóluefni um grunn- og endurbólusetningar. Óheimilt er að flytja hunda til landsins fyrr en **30** dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn smitandi lifrabólgu og smáveirusótt.
- Aðrar bólusetningar – **kettir**:  
Á síðustu **365** dögum fyrir innflutning skal bólusetja ketti með deyddu bóluefni gegn eftirtöldum þremur sjúkdómum:  
(1) **kattafári** (panleukopenia),  
(2) **kattaflensu** (*feline rhinotracheitis virus*),  
(3) **kattakvefi** (calicivirus).  
Kettirnir skulu vera fullbólusettir gegn kattafári, kattaflensu og kattakvefi skv. fyrirmælum með viðkomandi bóluefni um grunn- og endurbólusetningar. Óheimilt er að flytja ketti til landsins, fyrr en **30** dagar eru liðnir frá því þeir voru síðast bólusettir gegn kattafári, kattaflensu og kattakvefi.

#### ▪ **RANNSÓKNIR**

- Blóðrannsókn vegna **brúsellósu** (brucellosis) – **hundar**:  
Á síðustu **30** dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á *Brucella canis*. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið inn.
- Blóðrannsókn vegna **kattaalnæmis** (*Feline immunodeficiency virus*) – **kettir**:  
Á síðustu **30** dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattaalnæmi. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.
- Blóðrannsókn vegna **kattahvítblæðis** (*Feline leukemia virus*) – **kettir**:  
Á síðustu **30** dögum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsókna á kattahvítblæði. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins.
- Rannsókn vegna **salmonellu** – **hundar og kettir**:  
Á síðustu **30** dögum fyrir innflutning skal taka saursýni til rannsókna á *Salmonella* sýklum. Sé sýnið jákvætt er óheimilt að flytja dýrið til landsins, nema áhættan við innflutninginn sé ásættanleg að mati yfirdýralæknis.

**Mælt er með að sýni vegna ofangreindra rannsókna séu tekin eins snemma og hægt er, þ.e. 20-30 dögum fyrir áætlaðan innflutning svo tryggt verði að niðurstöður liggja fyrir í tíma.**



▪ **MEDHÖNDLUN**

- Meðhöndlun gegn **bandormum – hundar og kettir:**  
Á síðustu **10 dögum** fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn bandormum (Echinococcus multilocularis, Echinococcus granulosus) með skráðu dýralyfi sem inniheldur virka efnið praziquantel.
- Meðhöndlun gegn **útvortis sníkjudýrum – hundar og kettir:**  
Á síðustu **10 dögum** fyrir innflutning skal meðhöndla hunda og ketti gegn sníkjudýrum með skráðu dýralyfi sem inniheldur annað hvort virka efnanna fipronil eða permethrin.
- Meðhöndlun gegn **eyrnamaur – hundar og kettir:**  
Sé grunur um smit með eyrnamaur skal meðhöndla hunda og ketti á síðustu **10 dögum** fyrir innflutning með skráðu dýralyfi sem ætlað er gegn eyrnamaur.

**SAMANTEKT UM BÓLUSETNINGAR, RANNSÓKNIR OG MEDHÖNDLANIR**

	<b>Bólusetningar</b>	<b>Hvenær?</b>	<b>Hvenær má flytja inn?</b>	<b>Athugasemdir</b>	
<b>Hundar</b>	Hundaæði	Á síðustu 365 dögum fyrir innfl.	120 dögum eftir bólusetningu*	<i>Mótefnaæling vegna hundaæðis!! Mæla skal mótefni í fyrsta lagi 30 dögum og eigi síðar en 365 dögum eftir bólusetningu. Mótefni skal ekki vera lægra en 0,5 a.e./ml</i>	
	Leptóspirósa	Á síðustu 180 dögum fyrir innfl.	30 dögum eftir bólusetningu		
	Hundafár	Á síðustu 730 dögum fyrir innfl.	30 dögum eftir bólusetningu		
	Smitandi lífrarbólga	Á síðustu 365 dögum fyrir innfl.	30 dögum eftir bólusetningu		
	Smáveirusótt	Á síðustu 365 dögum fyrir innfl.	30 dögum eftir bólusetningu		
		<b>Rannsóknir</b>	<b>Hvenær</b>	<b>Athugasemdir</b>	
		Brúsellósa - blóðrannsókn	Á síðustu 30 dögum fyrir innfl.	Niðurstaða skal vera neikvæð	
		Salmonella - saursýni	Á síðustu 30 dögum fyrir innfl.	Niðurstaða skal vera neikvæð - annars áhættumat yfirdýralæknis	
		<b>Meðhöndlun</b>	<b>Hvenær</b>		
		Bandormahreinsun	Á síðustu 10 dögum fyrir innfl.		
	Gegn útvortis sníkjudýrum	Á síðustu 10 dögum fyrir innfl.			

	<b>Bólusetningar</b>	<b>Hvenær?</b>	<b>Hvenær má flytja inn?</b>	<b>Athugasemdir</b>	
<b>Kettir</b>	Hundaæði	Á síðustu 365 dögum fyrir innfl.	120 dögum eftir bólusetningu*	<i>Mótefnaæling vegna hundaæðis!! Mæla skal mótefni í fyrsta lagi 30 dögum og eigi síðar en 365 dögum eftir bólusetningu. Mótefni skal ekki vera lægra en 0,5 a.e./ml</i>	
	Kattafár	Á síðustu 365 dögum fyrir innfl.	30 dögum eftir bólusetningu		
	Kattafleisa	Á síðustu 365 dögum fyrir innfl.	30 dögum eftir bólusetningu		
	Kattakvef	Á síðustu 365 dögum fyrir innfl.	30 dögum eftir bólusetningu		
		<b>Rannsóknir</b>	<b>Hvenær</b>		<b>Athugasemdir</b>
		Kattaalnæmi - blóðrannsókn	Á síðustu 30 dögum fyrir innfl.	Niðurstaða skal vera neikvæð	
		Kattahvítblæði - blóðrannsókn	Á síðustu 30 dögum fyrir innfl.	Niðurstaða skal vera neikvæð	
		Salmonella - saursýni	Á síðustu 30 dögum fyrir innfl.	Niðurstaða skal vera neikvæð - annars áhættumat yfirdýralæknis	
		<b>Meðhöndlun</b>	<b>Hvenær</b>		
		Bandormahreinsun	Á síðustu 10 dögum fyrir innfl.		
	Gegn útvortis sníkjudýrum	Á síðustu 10 dögum fyrir innfl.			

\*Heimilt er að flytja dýrið inn 120 dögum eftir fyrstu bólusetningu, en sé um endurbólusetningu að ræða má flytja dýrið inn 30 dögum eftir síðustu endurbólusetningu.

**5. Skapgerðarmat - hundar**

Yfirdýralæknir metur í hverju tilfalli fyrir sig hvort krefjast skuli sérstaks skapgerðarmats á hundi sem sótt er um leyfi til að flytja inn. Þá er tekið mið af því sem vitað er um eðli viðkomandi hundategundar. Innflytjendur viðkomandi hunda fá nánari upplýsingar um skapgerðarmatið.



## 6. Umsögn og samþykkt vottorða

**Að minnsta kosti 5 sólarhringum** fyrir áætlaðan komudag dýrsins til Íslands skal innflytjandi senda yfirdýralækni, með faxi, eftirfarandi skjöl (frumrit þessara gagna skulu fylgja dýrinu til landsins auk reiknings þar sem kaupverð dýrsins kemur fram, hafi eigandi átt það skemur en 12 mánuði).

- ♦ innflutningsleyfi
- ♦ rétt útfyllt og undirritað heilbrigðis- og upprunavottorð **ATH! allar fjórar síður vottorðsins**
- ♦ staðfesting rannsóknarstofu á niðurstöðum blóðrannsóknar á hundaæðismótefnum, ef við á
- ♦ niðurstöður skapgerðarmats, ef við á

Sé vottorðunum ábótavant að einhverju leyti er það tilkynnt innflytjanda svo fljótt sem auðið er svo hægt sé að lagfæra það í tíma. Mikilvægt er að hafa rétt símanúmer innflytjanda eða umboðsmanns hans á vottorðinu. Yfirdýralæknir tilkynnir innflytjanda, héraðsdýralækni og einangrunarstöð, umsögn sína a.m.k. þremur virkum dögum fyrir áætlaðan komudag.

## 7. Flugferð til Íslands – innflutningsstaður - flutningsbúr

Einungis er heimilt að flytja inn hunda og ketti til Íslands um innfl. Keflavíkurlugvöll . Innflytjandi pantar flugfar fyrir dýrið og útvegar búr til flutningsins sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- ♦ búrið skal vera sterkbyggt og úr efni sem er auðvelt að þrifa og sótthreinsa
- ♦ ekki skal nota trébúr nema í undantekningartilfellum og skal þeim þá fargað í einangrunarstöðinni
- ♦ á búrinu skulu vera op til að tryggja góð loftskipti og að dýrið sjái út en það má ekki geta stungið loppum eða trýni út
- ♦ búrið skal vera það stórt að dýrið geti staðið, legið og snúið sér við í því

Við komuna til landsins á innflutningsstað skoðar héraðsdýralæknir dýrið og sannreynir að það sýni ekki einkenni smitsjúkdóms, hafi innflutningsleyfi og jákvæða umsögn yfirdýralæknis og að frumrit allra tilskilinna vottorða fylgi.

Flytja verður dýrið frá útflutningslandi til Íslands án þess að það komist í snertingu við önnur dýr. Komi dýrið frá landi án hundaæðis er millilending/umflutningur í landi með hundaæði óheimill nema um sé að ræða alþjóðasvæði flugvallar.

## 8. Dvölin í einangrunarstöðinni / heimsóknir / tryggingar

Við komu í einangrunarstöð eru dýrin vigtuð og sýni vegna sníkjudýra tekin til rannsóknar. Dýrin eru skoðuð vikulega af dýralækni og oftast ef þörf krefur. Haldin er dvalarskýrsla fyrir hvert dýr, þar sem m.a. eru skráðar upplýsingar um þyngd, matarlyst, sýnatökur og niðurstöður úr þeim, gjöf ormalyfja og meðhöndlun sjúkdóma ef um slíkt er að ræða. Fyrir lok einangrunartímans gengur héraðsdýralæknir úr skugga um að öllum reglum varðandi innflutning dýrsins hafi verið fylgt.

Hafa skal samband við starfsmenn einangrunarstöðvarinnar vegna heimsókna eigenda en heimsóknir eru ekki æskilegar fyrr en í þriðju viku dvalarinnar þegar niðurstöður sýna og hugsanlegri meðhöndlun er lokið. Einungis innflytjandi dýrsins sem skráður er á innflutningsleyfið má heimsækja dýrið.

Einangrunarstöðin er brunatryggð. Dýrin eru ekki sjúkratryggð á meðan þau dvelja í einangrun.

## 9. Kostnaður við innflutning, öflun vottorða, sýnatökur, eftirlit og einangrun

Innflytjandi ber allan kostnað af sóttvarnarráðstöfunum og öflun vottorða, þ.m.t. sýnatökum, eftirliti og rannsóknum sem yfirdýralæknir telur nauðsynlegar. Auk staðfestingargjaldsins að upphæð kr. 19.684,- þarf eigandi að greiða fyrir einangrun dýrsins.

Starfsmenn einangrunarstöðvanna veita upplýsingar um kostnað við einangrun.

**10. Mikilvæg heimilisföng, símanúmer og vefsíður****Landbúnaðarráðuneytið**

Sölvhólsgötu 7  
150 Reykjavík  
Sími 545 9750  
Fax 552 1160  
[www.landbunadarraduneyti.is](http://www.landbunadarraduneyti.is)

**Embætti yfirdýralæknis**

Sölvhólsgötu 7  
150 Reykjavík  
Sími 545 9750  
Fax 552 1160  
[www.yfirdyralaeknir.is](http://www.yfirdyralaeknir.is)

**Einangrunarstöð gæludýra í Hrísey**

Kríunesi  
Hrísey  
Sími 466 1781  
Fax 466 3030  
[einangrun@simnet.is](mailto:einangrun@simnet.is)

**Einangrunarstöð Reykjanesbæjar**

Höfnum  
233 Reykjanesbær  
Sími 421 6949  
Gsm 698 0518  
[einangrun@einangrun.biz](mailto:einangrun@einangrun.biz)  
[www.einangrun.biz](http://www.einangrun.biz)